

Greinargerð

Umsögn um framkomnar athugasemdir við kynningu á áformum um endurskoðun friðlýsingar Flateyjar á Breiðafirði

Áform um endurskoðun friðlýsingar Flateyjar sem friðlands í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd voru auglýst þann 17. júlí 2019. Auglýsing um áformin var birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar, Facebook síðu stofnunarinnar, heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Fréttablaðinu. Jafnframt var hagsmunaaðilum sent bréf þar sem upplýst var um auglýsinguna, hvar hana var að finna og á hvaða tíma gafst tækifæri til að gera athugasemdir, en fresturinn var til og með 25. maí 2020.

Í auglýsingunni kom fram að Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur og sveitarfélagið Reykhólahrepp kynnti áform um endurskoðun á friðlýsingu Flateyjar á Breiðafirði sem friðland.

Flatey er stærsta Vestureyjan á Breiðafirði og henni tilheyra alls 40 eyjar og hólmar. Austurhluti Flateyjar á Breiðafirði var friðlýstur árið 1975 vegna fuglaverndar. Friðlandið nær yfir austurhluta eyjarinnar ásamt eyjum og hólum sunnan við Flatey. Líffræðileg fjölbreytni svæðisins er mikil og er þar að finna fjölskrúðugt fuglalíf sem byggist m.a. á fjölbreyttu fæðuframboði, miklum fjörum og takmörkuðu

aðgengi rándýra að svæðinu. Í Flatey hefur um langt skeið verið náð samspil manns og náttúru þar sem nýting náttúruauðlinda hefur farið fram með sjálfbærni að leiðarljósi. Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í að svæðið er búsvæði og varpsvæði mikilvægra fuglastofna á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, þ.m.t. sjaldgæfra varpugla á Íslandi og fugla sem eru á valista Alþjóða Náttúruverndarsamtakanna (IUCN). Vísindalegt gildi svæðisins er hátt og er fuglalíf vaktað og rannsakað þar reglulega.

Áform um endurskoðun friðlýsingar voru kynnt í samræmi við málsmeðferð 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skuli kynnt sérstaklega.

Alls bárust tvær athugasemdir á kynningartíma, frá Minjastofnun og Breiðafjarðarnefnd. Í erindi frá Breiðafjarðarnefnd kemur fram að nefndin fagni friðlýsingaráformunum. Einnig bárust ábendingar um villur í örnefnaskráningu. Gerðar hafa verið lagfæringar á korti til samræmis við ábendingarnar.

Í erindi sínu, dags. 7. apríl 2020, segir Minjastofnun Íslands að til að geta veitt umsögn um áhrif friðlýsingar og stjórnunar- og verndaráætlunar á menningarminjar þurfi grunnþekking á svæðum að vera til staðar á sama hátt og í skipulagsáætlunum. Stofnunin líti því á að tillaga að friðlýsingu fyrir slíkt svæði sé ígildi skipulagsáætlunar og því eigi ákvæði 16. greinar laga um menningarminjar nr. 80/2012 um skráningu vegna skipulags og framkvæmda. Því telji stofnunin að skráning menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, skuli fara fram þegar unnin er tillaga að friðlýsingu. Sú skráning skuli unnin eftir reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 sem Minjastofnun hefur sett í samræmi við 1. mgr. 16.gr. um menningarminjar. Fyrir liggja fornleifaskráning fyrir Flatey sem gerð var árið 1990 fyrir tíma núgildandi laga um menningarminjar og uppfyllir hún því ekki kröfur Minjastofnunar um skráningu menningarminja. Í erindinu kemur fram að verið sé að uppfæra þá skráningu. Bent er á tvær friðlýstar minjar við friðlandið sem njóta sérstakar verndar: Klaustursteininn og Ólafarakur.

Minjastofnun vekur athygli á að stofnunin fari með stjórnslu jarðfastra menningarminja og hafi þar með talið það hlutverk að vinna tillögur um friðlýsingar sem mennta- og menningarmálaráðherra taki ákvörðun um, sbr. 3., 11. og 18. gr. laga nr. 80/2012. Einnig kemur fram að stofnunin beri ekki ábyrgð á kostnaði sem sé til komin vegna ákvarðana Umhverfisstofnunar um að friðlýsa svæði, þrátt fyrir að minjar séu innan svæðanna.

Varðandi athugasemdir Minjastofnunar Íslands um að stofnunin líti svo á að tillaga að friðlýsingu sé ígildi skipulagsáætlunar og því eigi við ákvæði 16. gr. laga um menningarminjar um skráningu vegna skipulags og framkvæmda og að skráning menningarminja skuli fara fram þegar unnin er tillaga að friðlýsingu eða eldri friðlýsing skoðuð tekur Umhverfisstofnun ekki undir þetta sjónarmið. Umhverfisstofnun fellst ekki á að friðlýsing skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd sé ígildi skipulagsáætlunar skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Því til stuðnings er m.a. hægt að nefna að Umhverfisstofnun ber ábyrgð á undirbúningi friðlýsinga skv. lögum um náttúruvernd en stofnunin ber ekki ábyrgð á skipulagsáætlunum sveitarfélaga þó að stofnunin veiti umsagnir vegna þeirra í samræmi við lögbundið hlutverk sitt.

Hvað varðar athugasemdir Minjastofnunar Íslands þar sem fram kemur að stofnunin ber ekki ábyrgð á kostnaði sem er til kominn vegna ákvarðana Umhverfisstofnunar um að friðlýsa svæði, endurskoðun friðlýsinga eða gerð verndaráætlana þrátt fyrir að minjar séu innan svæðisins bendir Umhverfisstofnun á að ekkert í vinnu stofnunarinnar hefur gefið tilefni til að kostnaður muni falla á Minjastofnun vegna undirbúnings að endurskoðun friðlýsingarinnar. Áður hefur komið fram að Umhverfisstofnun fellst ekki á þá fullyrðingu Minjastofnunar að friðlýsing sé ígildi skipulagsáætlunar sbr. rökstuðning hér að ofan. Skráning fornminja fer því eftir þeim almennu reglum sem um hana gilda og hefur friðlýsing ekki áhrif á það lögbundna hlutverk Minjastofnunar.

Reykjavík, 9. Mars 2021

/UST202001-180

Freyja Pétursdóttir